Safnahúsin í bænum

Eiríkur P. Jörundsson
safnstjóri
Byggðasafns Reykjanesbæjar

Nóvember 2019

Staðsetning safnahúsa og sýninga í Reykjanesbæ

Safnahús bæjarins bjóða upp á afar spennandi möguleika varðandi uppbyggingu í menningarlífi bæjarins og menningartengdri ferðþjónustu.

Ókosturinn er hins vegar sá að húsin og sýningarnar eru fremur dreifðar um bæinn og þar af leiðandi erfitt að byggja upp á einum stað sýningar með aðdráttarafli, auk þess að erfitt er að samnýta starfsfólk og önnur úrræði í starfseminni.

Eins og staðan er núna er brýnt að taka ákvörðun um uppbyggingu safnanna á einum stað þar sem nú eru Duus Safnahús eða á tveimur stöðum með því að byggja einnig upp sýningar og starfsemi á Fitjum, þar sem nú er Safnamiðstöðin í Ramma, auk Stekkjarkots. Þá eru þar einnig Víkingaheimar, þótt þeir séu ekki reknir á vegum safna bæjarins í dag.



1. Duus safnahús
2. Vatnsnes
3. Rokksafnið
4. Safnamiðstöð í Ramma
5. Innri - Njarðvík

Duus Safnahús og Keflavíkurtúnið

Talsverðir möguleikar felast í uppbyggingu safna og menningarstofnana bæjarins í Grófinni umhverfis friðað Keflavíkurtúnið. Elstu hús bæjarins eru nýtt undir menningarstarf og sýningar í einstöku umhverfi, sem þó virðist að mörgu leyti vanmetið. Uppgröftur fornminja á túninu mun efla mikilvægi svæðisins og nú er Gamlabúð orðin uppgerð að fullu og vonandi að innan tíðar verði hægt að koma Fischershúsi í notkun.
Dráttarbrautarhúsið er einnig á svæðinu og sýningarstarf þar myndi enn fremur efla svæðið og allir möguleikar til staðar að gera svæðið að einstakri upplifun fyrir íbúa bæjarins að ekki sé minnst á mikilvægi þess í menningartengdri ferðaþjónustu.

Duus Safnahúsin eru í fullri notkun sem helstu sýningarhús Byggðasafns og Listasafns. Þar má þó ýmsu breyta í skipulagi húsanna til að efla þau enn frekar og ráðast þarf í brýnar framkvæmdir til að húsin geti nýst sem allra best í starfseminni.

Þann 17. nóvember 1979 var formlega opnaður „fyrsti vísir að byggðasafni á Suðurnesjum“, líkt og Ólafur Þorsteinsson, þáverandi formaður byggðasafnsnefndar, komst að orði í opnunarávarpi sínu þann dag þegar fyrsta sýning safnsins var opnuð í Vatnsnesi. Húsið gaf Bjarnfríður Sigurðardóttir Keflavikurbæ til eflingar byggðasafns.

Vatnsnes var annað af tveim húseignum sem Byggðasafn Suðurnesja fékk í morgungjöf, hitt var húsið Innri-Njarðvík.

Í dag er húsið ekki lengur notað undir starfsemi safnsins en leigt út til Ljósops, félags áhugafólks um ljósmyndun í Reykjanesbæ. Húsið þarfnast talsverðra viðgerða og viðhalds og ekki verður séð hvert hlutverk þess getur orðið innan safnageirans í bænum.



Í gjafabréfi Bjarnfríðar Sigurðardóttur kemur fram að Keflavíkurbær eigi forkaupsrétt á 5.000 fm lóð umhverfis steypta girðingu utan um sjálft Vatnsneshúsið. Lóðina átti að nýta undir byggingu á nýju sýninga- og geymsluhúsnæði Byggðasafnsins, sem átti að vera í vinkil utan um gamla húsið. Keflavíkurbær nýtti sér forkaupsréttinn og árið 1980 áttu að hefjast framkvæmdir við byggingu hússins.

Ekki varð af þessari byggingu en eftir stendur að verðmæt lóðin í kringum húsið er ennþá í eigu bæjarins og vonandi að sú fjárfesting skili sér í uppbyggingu Byggðasafnsins að lokum.

Innri Njarðvík I

Byggt árið 1906

Elín Sigmundsdóttir gaf Byggðasafni Njarðvíkur húsið árið 1972, ásamt 600 fm lóð.

Opnað 1980. Er að mestu óbreytt eins og síðustu íbúar skildu við það.

Lögð var ný raflögn í allt húsið og nýir rafofnar.

Árið 1992 var húsið tekið til algerrar lagfæringar og safnið sett upp á ný.

Húsið er í mjög góðu standi miðað við aldur og afar skemmtileg og áhugaverð sýning um heimili alþýðufólks á fyrri hluta síðustu aldar.

Ókosturinn er sá að húsið er mjög afskekkt í bænum og nánast vonlaust að hafa það opið til sýninga.

Safnamiðstöðin í Ramma

Sé tekið mið af verkefnum Safnamiðstöðvar er Ramminn að mörgu leyti frábært húsnæði sem hýsir nú hátt í 17.000 muni Byggðasafnsins. Með ákveðnum framkvæmdum og endurskipulagningu á rýminu getur húsið nýst vel til að standa undir metnaðarfullri starfsemi safnanna til langrar framtíðar. Ramminn hýsir einnig safneign Listasafns og ljósmyndasafn og skjalasafn. Að auki eru þar skrifstofur og vinnuaðstaða starfsfólks.

Ramminn gerir einnig að verkum að Byggðasafninu er gert kleift að taka til varðveislu fyrirferðarmikil tæki og tól frá varnarliðinu og byggja um leið nauðsynlegan grunn að áhugaverðri sýningu um varnarliðið, samskipti þess við heimamenn og sögu flugvallarins.

Þá býður húsið og staðsetningin upp á frábæra möguleika á að nýta húsnæðið undir metnaðarfulla Varnarliðssýningu og gæti þar að auki verið áfram munageymsla safnanna.

Í dag hýsir Ramminn Slökkviminjsafn Íslands og sýningu þess. Taka þarf ákvörðun um framtíð safnsins í húsinu og hvort ekki sé heppilegt að Byggðasafnið yfirtaki rekstur sýningarinnar og njót þess að þessi áhugverða sýning sé í Rammanum.

Dráttarbrautin *(SBK húsið)*

Dráttarbrautin er ekki undir umsjón safna bæjarins en komið hefur til tals að nýta húsið undir starfsemi Byggðasafnins. Sá möguleiki er spennandi og brýnt að skoða hann af fullri alvöru.
Húsið er tvískipt. Annars vegar eldri hluti hússins frá 1937 og hins vegar stóra dráttarbrautarbyggingin frá 1970. Bæði húsin voru byggð undir starfsemi skipasmíða og viðgerða og eru minjar um þann blómlega atvinnuveg á árum áður, sem nú er að hverfa úr bænum. Þá hafa húsin um langt skeið sett mark sitt á ásýnd svæðisins.
Húsin eru í þokkalegu ástandi en þarfnast að sjálfsögðu breytinga og viðgerða til að sinna nýju hlutverki. Dráttarbrautarhúsið er stálgrindarhús og virðist í góðu standi. Huga þarf að klæðningu að utan og þá þarf að einangra og klæða að innan. Kosturinn við húsið er að það er í raun tóm skel sem tilvalið er að nýta undir t.d. metnaðarfulla Varnarliðssýningu.
Það er einnig verulega stór kostur að húsið stendur við Keflavíkurtúnið í næsta nágrenni við Duus Safnahúsin. Það myndi án efa hjálpa gríðarlega til við uppbyggingu safnanna og svæðisins að breyta Dráttarbrautinni í sýningarhús.

Fátt markar dýpri spor í sögu bæjarins á 20. öld en vera Varnarliðsins á Miðnesheiði frá 1951 til 2006, sem spratt upp úr stórtækri herflugvallagerð á svæðinu í seinni heimsstyrjöldinni. Um leið er þetta saga millilandaflugvallar Íslendinga og helstu tengingar við umheiminn.
Saga varnarliðsins og samskiptin við íbúa Suðurnesja eru áhugaverð margra hluta vegna og að sjálfsögðu einstök fyrir þetta svæði. Sagan er jafnframt stór hluti af Íslandssögunni síðustu 80 árin og hefur þar að auki sterka alþjóðlega tengingu sem herstöð Bandaríkjamanna og mikilvægi hennar í Kalda stríðinu.

Merkileg sagan stendur fyrir sínu. Sýningin og uppbygging svæðisins eiga að endurspegla sögu og menningu Reykjanesbæjar. Verulega aukin aðsókn, sem reikna má með frá erlendum ferðamönnum, gefur einstakt tækifæri til að byggja upp Varnarliðssafn og Duus Safnahús á myndarlegi hátt en ella.